

61

29. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögregluþjóna í kaupstöðum skipar bæjarstjórn eftir tillögum lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1962.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

62

29. marz

L Ö G

um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfandafljóti, sem er $\frac{3}{4}$ hlutar eyjarinnar. Afhendingin fari fram með því skilyrði, að landið verði friðað fyrir ágangi búfjár og sýslan taki að sér verndun þeirra minja, sem eru á eyinni, um hið forna þinghald þar. Skal sú verndun framkvæmd í samráði við þjóðminjavörð ríkisins.

2. gr.

Óheimilt skal Suður-Þingeyjarsýslu að selja þessa eign eða láta hana af hendi nema til ríkisins. Hætti sýslan að annast eignina á þann hátt, sem 1. gr. mælir fyrir um, fellur þessi hluti eyjarinnar aftur undir ríkið endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.